



## Fundargerð 11. stjórnar AKÍS 2024-2025

**Staður og tími:** Zoom 2. júlí 2024 kl. 19:30

**Mættir aðalmenn:** Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir (AÓS), Jón Þór Jónsson (JPJ), Baldvin Hansson (BH), Sigurður Ingi Sigurðsson (SIS), Páll Jónsson (PJ), Ari Halldór Hjaltason (AHH), Tryggvi Magnús Þórðarson (TMP)

**Mættir varamenn:** Halldór Viðar Hauksson (HVH)

**Fjarverandi:** Hanna Rún Ragnarsdóttir (HRR), Valdemar Johnsen (VJ),

AÓS ritaði fundargerð.

### 1. Áfrýjunardómstóll

Tvö mál eru í áfrýjun, en ekki hefur fengist niðurstaða þó búið sé að ýta við ályktun áfrýjunardómstóls. JPJ leggur til eftirfarandi bókun:

“Áfrýjunardómstóll AKÍS hefur til meðferðar áfrýjun niðurstöðu dómnefndar í Torfæru sem fram fór þann 18. maí síðastliðinn. Niðurstaða áfrýjunardómstóls hefur enn ekki verið birt, en stjórn AKÍS óskar að meðferð málsins verði hraðað sem frekast er kostur þar sem að sett tímamörk eru nú þegar liðin.”

Stjórn felur formanni að senda bókunina til varaformanns áfrýjunardómstóls AKÍS.

### 2. Agamál - erindi frá Ara

Óskað er eftir að AKÍS stofni til aganefndar.

Stjórn telur ekki þörf á að stofna til aganefndar að svo stöddu, en að sambandið styðji við dómnefndir þegar við á og erfið mál koma upp.

### 3. Ferð á ráðstefnu

Jón Þór og Ari segja frá því sem fram fór á FIA ráðstefnunni. Tvö mál sérstaklega rædd, FIA Motorsport Games og FIA affordable cross car.

#### Önnur mál

- Formaður mun sækja Umferðarþing, föstudaginn 20. september 2024.

#### Til kynningar:

- Samgöngustofa heldur **Umferðarþing** föstudaginn 20. september 2024 kl. 9-16



- Ekki er búið að halda seinni hluta af öryggisnámskeiði AKÍS - búið er að hafa samband við öryggisráð að klára námskeiðið.
- BA hefur ekki sent inn starfsskýrslu til ÍSÍ. - Samkvæmt upplýsingum hjá ÍSÍ á félag sem sendir ekki inn skýrslu möguleika á að fara í keppnisbann.

Næsti fundur verður 16. júlí kl 19:30

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 20:34